

**Nd.** **28. Frumvarp til laga** **[28. mál]**

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

**1. gr.**

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið, og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd.

**2. gr.**

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frv. þetta er flutt samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum. Í III. kafla d. í greinargerð fyrir því frv., er það var lagt fyrir Alþingi 1957 (þskj. 217), eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað.

Ef haggað er við 2. gr. l. 52/1959, svo sem lagt er til í frv. þessu, hefur það ekki eingöngu áhrif á kosningarrétt og kjörgengi við kosningar til Alþingis, heldur einnig við forsetakosningar og við kosningar samkv. 26. og 79. gr. 2. málsg. stjórnarskrár, svo og væntanlega við þjóðaratkvæði um einstök þing- eða þjóðmál, sem skotið kann að vera undir dóm kjósenda (sbr. áður fyrr atkvæðagreiðslu um aðflutningsbann á áfengi og þegnskylduvinnu).